

## **Stefnumótun í málefnum barna, endurskoðun á félagslegri umgjörð og þjónustu við börn á Íslandi**

Velferð barna er eitt helsta áhersluatriði núverandi félags- og barnamálaráðherra. Með umbætur að leiðarljósi stóð þá velferðarráðuneytið fyrir opinni ráðstefnu um málefni barna á Hilton Reykjavík Nordica 8. maí 2018 en yfirskrift hennar var „Snemmtæk íhlutun í málefnum barna á Íslandi“ eða SIMBI. Ráðstefnan markaði upphaf endurskoðunar á þjónustu við börn og þótti afar vel heppnuð. Á meðal ráðstefnugesta, sem voru um 500 talsins, sérfræðingar, rannsakendur og aðrir aðilar sem vinna með börnum, var að finna mikla samstöðu og skýr skilaboð um mikilvægi forvarna, snemmtækrar íhlutunar og samtali og samvinnu á milli kerfa er koma að málefnum barna.

Í framhaldi af ráðstefnunni hófst í velferðarráðuneytinu formleg vinna við endurskoðun á þjónustu við börn með ráðningu sérstaks verkefnastjóra í málefnum barna. Verkefnið er umfangsmikið, krefst mikillar samvinnu og áhersla er lögð á þverfaglega samvinnu þvert á ráðuneyti og við aðra aðila er koma að þjónustu við börn, m.a. sveitarfélögin sem veita umfangsmikla félagsþjónustu, sinna verkefnum á sviði barnaverndar, annast þjónustu við fatlað fólk og reka grunnskóla og leikskóla.

Í byrjun september rituðu því ráðherrar félags- og jafnréttismála, heilbrigðismála, mennta- og menningarmála, dómsmála, samgöngu- og sveitarstjórnarmála og samband íslenskra sveitarfélaga undir viljayfirlýsingu þess efnis að auka ætti samstarf milli málefnasviða sem undir hvern og einn aðila heyra og snúa að velferð barna. Yfirlýst markmið viljayfirlýsingarinnar var í samræmi við það sem fram hafði komið á SIMBA ráðstefnunni fyrr á árinu, að brjóta niður múra sem kunna að myndast á milli kerfa þegar tryggja þarf börnum heildstæða og samhæfða þjónustu og skapa raunverulega barnvænt samfélag.

Að sama skapi og endurskoðun á þjónustu við börn á ekki að að snúast um eða takmarkast af flókinni stjórnsýslu er þverpolítisk nálgun verkefnisins nauðsynleg í jafn viðamiklum og flóknum málaflokki og um ræðir. Í byrjun október var því skipuð nefnd fulltrúa allra flokka á þingi, sem falið hefur verið leggja til breytingar á lögum, á reglugerðum eða á framkvæmd þjónustu, sem kunna að vera nauðsynlegar til að skapa heildarsýn í málefnum barna og þjónustu við þau. Nefndin hefur aðgang að þeim upplýsingum og gögnum sem teknar hafa verið saman um stöðu og þróun þjónustu við börn.

### **Þingmannanefnd um málefni barna:**

- Líneik Anna Sævarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokk, formaður
- Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokk
- Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingar
- Ólafur Þór Gunnarsson, þingmaður Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs
- Halldóra Mogensen, þingmaður Pírata
- Inga Sæland, þingmaður Flokks fólkssins
- Ómar Ásbjörn Óskarsson, varaþingmaður Viðreisnar
- Anna Kolbrún Arnadóttir, þingmaður Miðflokk

## Með nefndinni starfar:

- Erna Kristín Blöndal, lögfræðingur og verkefnastjóri í málefnum barna hjá félagsmálaráðuneytinu.

Til marks um þá áherslu ríkistjórnarinnar á málefni barna og ungmenna, er breytt skipan ráðuneyta og að heiti ráðherra málafloksins er nú félags- og barnamálaráðherra.

Meðal verkefna hins nýja félagsmálaráðuneytis er að móta stefnu Íslands, framtíðarsýn og markmið í málefnum barna, forgangsraða og útfæra þau markmið í framkvæmdaáætlun til fjögurra ára sem lögð verði fram á Alþingi og vinna skipulega að innleiðingu og framkvæmd fyrrgreindrar stefnu og áætlunar. Samhliða þessari vinnu mun hið nýja ráðuneyti leitast við að tengja betur saman stefnu í málefnum barna og stefnu í efnahagsmálum, greina hvaða áhrif einstakir tekju- og útgjaldaliðir fjárlaga hafa á börn og hvernig unnt sé að samþætta velferð barna almennri fjárlagagerð líkt og unnið hefur verið að í verkefnum tengdum kynjaðri fjárlagagerð.

Unnið verður að stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum barna undir forystu stýrihóps stjórnarráðsins í málefnum barna, sem í eigi sæti fulltrúar heilbrigðisráðherra, dómsmálaráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, forsetisráðherra og félags- og barnamálaráðherra, sem stýri hópnum. Með stýrihópnum starfar fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

## Stýrihóp stjórnarráðsins í málefnum barna skipa

- Erna Kristín Blöndal, án tilnefningar, formaður
- Guðni Olgeirsson, tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðherra
- Ingibjörg Sveinsdóttir, tilnefnd af heilbrigðisráðherra
- Elísabet Gísladóttir, tilnefnd af dómsmálaráðherra
- Gústav Aron Gústavsson, tilnefndur af samgöngu- og sveitastjórnarráðherra
- Fanney Karlsdóttir, tilnefnd af forsetisráðherra
- Þór G. Þórarinsson, tilnefndur af félags- og barnamálaráðherra

Eitt af meginmarkmiðum stýrihóps stjórnarráðsins í málefnum barna er að tryggja um ókomna tíð samræmda framkvæmd og þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra á öllum sviðum og hafa markvissa eftirfylgni með aðgerðum. Ráðherra og stýrihópnum til ráðgjafar verður sérstakt ráð með fulltrúum stofnana, félagasamtaka og fleiri aðila samfélagsins, þar sem börn munu fá beina aðkomu.

Á meðan á yfirstandandi endurskoðun á þjónustu við börn stendur mun hlutverk stýrihópsins, ásamt fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, þó einnig vera að styðja við starf þingmannanefndar um málefni barna sem mun á haustmánuðum 2019 leggja til tillögur á löggjöf og framkvæmd með það að markmiði að styrkja og samhæfa þjónustu við börn, tryggja að hún verði veitt þegar þörf krefur og sjá til þess að þjónustan verði samfelld og gangi þvert á þjónustukerfi.

## Staða og skipurit vinnu við endurskoðun á þjónustu við börn

Að svo stöddu eru að hefja vinnu með þingmannanefnd og verkefnastjóra, nokkrir hliðarhópar sem samanstanda af ýmsum aðilum sem hafa þekkingu og reynslu af málaflokknum t.d. sérfræðingum, fulltrúum stofnana, sveitarfélaga og hjálparsamtaka sem og notendum kerfisins. Markmiðið er fá sem flesta að borðinu og reyna að ná heildarsýn í því hvernig eigi að stuðla að velferð barna á Íslandi og tryggja að þau, og fjölskyldur þeirra, fái þann stuðning og þjónustu, almenna sem og sértæka, sem þau þurfa á hverjum tíma. Hliðarhóparnir munu á næstu vikum og mánuðum skila tillögum til þingmannanefndar.

Félags- og barnamálaráðherra og þingmannanefnd um málefni barna, hvetja þá sem hafa reynslu eða þekkingu sem nýst getur í vinnunni, t.d. aðila er koma að þjónustu við börn, sem og notendur sömu þjónustukerfa, og hafa áhuga og getu til páttöku, að bjóða fram krafta sína í einum eða fleiri hliðarhópum (sem hægt er að sjá á skipuriti hér að neðan) með því að senda tölvupóst á [erna.blondal@frn.is](mailto:erna.blondal@frn.is). Á sama netfangi er einnig hægt að fá nánari upplýsingar um vinnuna og einstaka þætti hennar sé þess þörf.



